

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti hvað snertir þá þætti sem Vinnueftirlit ríkisins sér um framkvæmd á, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um breyting á reglum um garðúðun nr. 222/1984.

1. gr.

7. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með geymslum og tækjabúnaði þeirra, sem heimild hafa til garðúðunar, enda tilkynni eiturefnanefnd Vinnueftirliti ríkisins nöfn og heimilisföng leyfishafa.

2. gr.

Ofangreind breyting sem sett er af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, staðfestist hér með samkvæmt 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985 hefur verið ákveðið, að Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Bessastadahreppur í Kjósarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.